

2010

Þjóðarspegillinn

„Að fæla fólk frá...” Eftirlitsmyndavélar í miðborg Reykjavíkur

Bryndís Björgvinsdóttir
Valdimar Tr. Hafstein

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Að fæla fólk frá ...“

Eftirlitsmyndavélar í miðborg Reykjavíkur

Bryndís Björgvinsdóttir
Valdimar Tr. Hafstein

Hvergi eru til tölur um fjölda og upplýsingar um staðsetningu eftirlits- og öryggismyndavéla sem beinast að öllu eða einhverju leyti að almannarými á Íslandi – véla sem sjá og skrá niður ferðir fólks um gangstéttir landsins, götur, torg og almenningsgarða. Ástæðu þessa má rekja til Laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, en í 9. grein þeirra er kveðið á um að vélar sem nýta á til öryggis eða eignavörslu þurfi ekki að tilkynna til Persónuverndar. Í dag er opinberlega vitað af átta eftirlitsmyndavélum á vegum lögreglunnar í miðbæ Reykjavíkur. Vélarinn sinna einungis almennu eftirliti með borgurum – en þar með er ekki hálf sagan sögð um eftirlit í miðbæ Reykjavíkur; hundruðir öryggis- og eftirlitsmyndavéla á vegum einstaklinga, stofnana, sendiráða, banka, verslana og fyrirtækja ná einnig yfir lítil eða stór brot af svæðum úti við þar sem fólk fer um í daglegu amstri. Segja má að hver sem er geti sett upp öryggis- eða eftirlitsmyndavél sem skráir niður daglegt líf borgara að því tilskyldu að vélin vakti einnig eignir viðkomandi. Vegna þessa veit enginn fyrir víst hvert umfang eftirlits er á Íslandi, hver þróun þess á milli ára hefur verið né á hvaða vegum það er hverju sinni. Hingað til hefur verið ómögulegt fyrir borgara að nálgast upplýsingar um það eftirlit sem þeir sæta dags daglega á ferðum sínum um bæinn.

Sumarið 2010 hófu höfundar greinarinnar rannsókn á umfangi eftirlits í miðbæ Reykjavíkur ásamt tveimur aðstoðarmönnum, þeim Guðrúnu Elsu Bragadóttur og Atla Frey Friðbjörnssyni, nemendum við Háskóla Íslands. Rannsóknarteymið fór um með ljósmyndavél og GPS-tæki og skráði allar sjáanlegar öryggis- og eftirlitsmyndavélar á afmörkuðu svæði í miðbæ Reykjavíkur sem nær frá Garðastræti í vestri að Hlemmi í austri, og frá Lokastíg, Hallveigarstíg og Listasafni Íslands í suðri niður að Skúlagötu og Sæbraut í norðri. Aðeins voru skráðar vélar sem ljóst þótti að næðu að einhverju eða öllu leyti yfir almannasvæði: Gangstéttir, torg, port, innganga úti við, götur, opin bílastæði eða garða þar sem fólk fer um á leið sinni um borgina. Að lokum voru 290 öryggis- og eftirlitsmyndavélar staðsettar, skráðar og færðar inn á kort af svæðinu. Þá voru tekin rúmlega sextíu tveggja til þrjátíu mínútna löng viðtöl við eigendur þessara véla eða umsjónarmenn þeirra, en einnig tók rannsóknarteymið viðtöl við sölumenn öryggis- og eftirlitsmyndavéla sem og starfsfólk í verslunum, bönkum, skemmtistöðum, fyrirtækjum eða opinberum stofnunum sem halda úti öryggis- eða eftirlitsmyndavélum.

Hér verður gerð stutt grein fyrir rannsókninni og tilgangi hennar og nokkrar niðurstöður verða kynntar, en ítarlegri niðurstöður verða birtar síðar á öðrum vettvangi. Þá leitast greinarhöfundar við að setja þær upplýsingar sem söfnuðust um öryggis- og eftirlitsmyndavélar í miðbæ Reykjavíkur í samhengi við valdar rannsóknir á eftirliti í almannarými. Síðast en ekki síst segir frá uppkomum tengdum rannsókninni, en segja má að eigendur eða umsjónarmenn myndavéla í miðbænum hafi ekki allir

tekið rannsóknarteyminu jafn opnum örmum. Þegar öllu er á botninn hvolft varpa viðbrögð fólks við rannsókninni sjálfri jafn miklu ljósi á viðfangsefnið eins og þau viðtöl sem tekin voru: Eftirlit snýst að mörgu leyti um vald og rannsókn sem þessi á eftirliti fæst því einnig við lögun valdastrúktúrsins í samfélaginu – og dregur að einhverju leyti fram öllu jafna ósýnilegar útlínur hans í borginni.

Um rannsóknina

Tilgangur skrásetningar á öryggis- og eftirlitsmyndavélum sem mynda almannasvæði er tvíþættur. Í fyrsta lagi gerir skrásetningin borgarbúum kleift að nálgast upplýsingar um umfang, tilgang og eignarhald þess eftirlits sem þeir sæta í daglegu lífi. Skortur á upplýsingum um eftirlit á þegnum landsins er óheppilegur fyrir gegnsætt og lýðræðislegt stjórnarfar og getur aukið á tortryggni og vantraust í samfélaginu. Meðal annars vegna þessa er eigendum og ábyrgðaraðilum öryggis- og eftirlitsmyndavéla skylt samkvæmt fræðslu- og viðvörunarskyldu persónuverndarlaga að vara við eftirliti á borgurum á almannafæri, en í 24. grein laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga segir m.a. að þegar rafræn vöktun fari fram á vinnustað eða á almannafæri skuli „með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.“ Rannsóknarteymið rak sig þó snemma á hversu lítið er um slíkar aðvararnir úti við og algengt að hið opinbera jafnt sem einstaklingar og fyrirtæki framfylgi ekki fræðslu- og viðvörunarskyldu sinni gagnvart almenningi.

Í annan stað var grennslast fyrir um viðhorf, sjónarhorn og reynslu þeirra sem nýta sér öryggis- og eftirlitsmyndavélar í miðbæ Reykjavíkur. Eigendur og umsjónarmenn vélanna höfðu ólíka sögu að segja enda eru þessar vélar settar upp í margvíslegum tilgangi; þær beinast að ólíkum viðföngum með misjöfnum árangri. Sem dæmi um mismunandi verklýsingar öryggis- og eftirlitsmyndavéla má nefna að sumir viðmælenda okkar sögðust einungis hafa eftirlit með eignum sínum til að verja þær fyrir veggjakroti á meðan aðrir sögðu myndavélarnar hjálpa til við að upplýsa um líkamsárásir, þjófnað eða rán í búðum sínum – eða að minnsta kosti við að sýna tryggingarfyrirtækjum fram á að slíkt hafi átt sér stað.

Tafla 1. Dreifing á eignarhaldi þeirra 290 véla sem skrásettar voru

Eigandi	Fjöldi
Verslanir	45
- Gullsmiðir	15
- Matvöruverslanir	12
- Bókaverslanir	7
- Fataverslanir	4
- Hjálpartækjaverslanir ástarlífsins	3
- Hannyrðavöruverslanir	2
- Gleraugnaverslanir	2
Barir, veitingastaðir og kaffihús	31
Bankar	23
Alþingi (óstaðfest)	22
Reykjavíkurborg	18
Sendiráð	16
Ráðuneyti	15
Eignarhaldsfélög	14
Heimili	14
Félagasamtök	10
Hótel	10
Eignamiðlanir	10
Rekstraraðilar húsnæðis við Laugaveg	9
Lögreglan	8
ÁTVR	7
Seðlabanki Íslands	6
Fjárfestingarsjóðir	5
Aðrir	27
Samtals	290

Eigendur og starfsmenn skemmtistaða sögðu vélarnar jafnframt geta hjálpað þeim við að sporna við notkun á fölsuðum eða stolnum skilríkjum (skilríkin eru þá borin upp að myndavélunum sem ná ljósmynd af þeim ásamt upplýsingum um stað og stund og mynd af þeim sem afhenti þau), ljóstrað upp um byrlun svefnlyfja eða skorið úr um óþægileg vafamál í samskiptum dyravarða og gesta. Starfsmenn banka, innheimtustofnana og fjárfestingafyrirtækja töluðu hins vegar mest um skemmdarverk, „almennan umgang“ við byggingar sínar og þá hættu sem kynni að stafa af mót-mælendum. Að lokum má nefna að einn viðmælandi átti myndavél sem hafði það eina hlutverk að fylgjast með annarri myndavél sem hann átti einnig – ef vera skyldi að einhver skemmdi hana eða stæli vegna þess hversu auðvelt er að teygja sig upp í hana af götunni. Á meðan sumir sögðu myndavélarnar hafa breytt öllu fyrir sig fullyrtu aðrir að þær geri lítið sem ekkert gagn.

Fá vandkvæði komu upp á meðan á rannsókninni stóð. Flestir tóku rannsóknarteyminu opnum örmum og margir – sérstaklega búðareigendur á Laugavegi, Hverfisgötu og Skólavörðustíg – tóku sér góðan tíma til þess að segja frá reynslu sinni og vangaveltum varðandi eftirlit á þessu svæði. Umsjónarmenn öryggis- og eftirlits-myndavéla Alþingis voru þeir einu sem ekki vildu ræða við teymið um sínar vélar þrátt fyrir að við óskuðum ítrekað eftir því og engu breytti þó að við sendum að þeirra beiðni skriflega lýsingu á rannsókninni og tilgangi hennar (þar sem við ítrekuðum enn ósk okkar um viðtal) og ekki stóðaði heldur að vísa til ákvæða persónuverndarlaga um upplýsingaskyldu til almennings um hver beri ábyrgð á rafrænni vöktun á almannafæri. Athugun okkar bendir hins vegar til þess að Alþingi ráði yfir rúmlega tuttugu öryggis-

og eftirlitsmyndavélum sem ná inn á götur og gangstéttir þar sem almenningur fer um, þar á meðal vélur sem samanlagt mynda stóran hluta af Austurvelli. Annar umsjónarmannanna svaraði beiðni rannsóknarteymisins með því að benda á þá hættu að „óprúttnir aðilar“ gætu staðsett allar öryggis- og eftirlitsmyndavélar borgarinnar og þannig reiknað út hvernig þeir gætu „farið um bæinn án þess að sjást“ – en það sagði hann að væri honum „þvert um geð“. Hinn umsjónarmaðurinn spurði hversu merkilegt það gæti talist að telja öryggis- og eftirlitsmyndavélar í bænum til þess eins að komast að því að þær væru „tú, tuttugu, þrjátíu eða fimmtíu talsins“, sem honum þætti ekki „vera merkileg niðurstaða.“ Þó skal tekið fram að hvorugur umsjónarmannanna neitaði beinlínis að með afgerandi svari að hitta teymið, án þess þó að þeir gæfu nokkru sinni kost á slíkum fundi.

Við skráningu á vélum á Austurvelli hafði lögreglumaður einnig afskipti af rannsóknarteyminu og var það í eina skiptið sem rannsakendur voru stöðvaðir af lögreglunni. Þess ber að geta að nokkrir mótmælendur með skilti og hljóðfæri voru þá fyrir framan Alþingishúsið og hafði lögreglumaðurinn verið að ræða við þá þegar hann tók eftir rannsóknarteyminu. Lögreglumaðurinn kvað hópinn vera „spúki“ á að líta, en rannsakendur voru þá að skrá og taka ljósmyndir af vélum við Austurvöll á vegum Alþingis, Landsbankans og markaðsátaksins Inspired by Iceland. Lögreglumaðurinn benti teyminu jafnframt á að hægt væri að nýta upplýsingar um öryggis- og eftirlitsmyndavélar í „misjöfnum tilgangi.“



Mynd 1. Þessi tegund öryggis- og eftirlitsmyndavéla kallast „dóma“. Inni í hálfkúlunni er myndavél sem ekki sést glögglega hvert beinist. Stefnu sumra þeirra má fjarstýra og beina í ólíkar áttir. Þeim má beina mun hraðar en hefðbundnum öryggis- og eftirlitsmyndavélum. Þær síðarnefndu henta að jafnaði betur til almenns eftirlits á ákveðnum svæðum en dómurnar eru betur til þess fallnar að fylgjast með einstökum mannaferðum (Viðtal 8)

Ábending lögreglumannsins og viðbrögð umsjónarmanna öryggis- og eftirlitsmyndavéla Alþingis beina óhjákvæmilega athygli að því hversu einhliða sambandið er á milli þeirra sem sæta eftirliti – þ.e. hins almenna borgara – og hinna sem hafa eftirlit með þeim: Mun eðlilegra þykir að öryggis- og eftirlitsmyndavélum sé beint að almenningi en að almenningur beini athyglinni að vélunum.

Fælingarmáttur og forvarnir: Eftirlit í áhættusamfélaginu

Margt hefur verið ritað um eftirlit á undanförunum árum og þá sérstaklega í Bretlandi, þar sem fjöldi öryggis- og eftirlitsmyndavéla á almannasvæðum margfaldaðist á tíunda áratug síðustu aldar (sjá t.d. Fyfe og Bannister, 1996; ennfremur Lyon, 2007). Því miður gefst lítið tóm til að gera grein fyrir þessum fjöldamörgu rannsóknum hér (sjá greinargott yfirlit hjá Lyon, 2007). Hér á landi hafa ekki margar rannsóknir verið gerðar á rafrænni vöktun í almannarými, en þó er vert að geta hér vandaðrar greinar eftir þær Lára Rún Sigurvinsdóttir og Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur (2007; sjá jafnframt Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Lára Rún Sigurvinsdóttir, 2005; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Kristinn Tómasson og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2005; Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2007). Í greininni, „Augun í borginni: Um eftirlitsmyndavélar og félagslegt taumhald“, fjalla þær m.a. um viðbrögð almennings við aukningu eftirlitsmyndavéla á Íslandi. Þær rekja fjölgun vélanna til nýrra tæknimöguleika síðustu ára og áratuga til tjáskipta, sem studdu að sama skapi við aukið eftirlit með mannfólkinu, orðum þess og athöfnum. „Á okkar tíma, svokölluðum þróuðum nútíma þar sem tækniframfarir koma mjög við sögu, er áhætta meginatriði og hvernig koma má í veg fyrir hana. Þetta tímabil einkennist af hugsjónum tengdum öryggi,“ skrifa þær og benda jafnframt á að samfélag sem einkennist af slíkum öryggishugsjónum hafi verið kallað áhættusamfélag (þ. *Risikogesellschaft*, e. *risk society*) (Lára Rún Sigurvinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2007, bls. 20; um áhættusamfélagið, sjá einkum Beck, 1986, og Giddens, 1990, 1991). Í áhættusamfélagi leita menn sífellt að nýjum möguleikum til að afstýra nánast öllum hugsanlegum ógnum og áföllum sem að þeim kunna að stöðja. Þannig hvetur áhættusamfélagið til æ meiri nákvæmni, ítarlegri upplýsingasöfnunar og betri tækni til þess að fyrirbyggja vandræði og koma í veg fyrir glæpi, eins og til dæmis þá sem öryggis- og eftirlitsmyndavélum er gjarnan beint gegn (t.d. Lyon 2003).



Mynd 4. 8% þeirra 290 véla sem skrásettar voru var einungis ætlað að fæla burt veggjakrotara. Að minnsta kosti 15 vélanna voru streymisvélar (geyma ekki upptökur) eða ótengdar með öllu. Tala óvirkra véla er sennilega umtalsvert hærri

„Við höfum alltaf verið að reyna að verja okkur og vera á undan þjófunum,“ sagði gullsmiður og skartgripasali við Laugaveg þegar við spurðum hann út í myndavél sem hann hefur látið koma fyrir í glugga verslunar sinnar. „En [þjófarnir] finna alltaf einhverja leið fram hjá því sem við erum búin að vera að verja okkur með,“ bætti hann við; „ef við erum með öflug gler og erum alveg skotheldir, [...] þá er næsta skref kannski að koma á bíl og keyra inn í búðina! Við erum alltaf svo meðvitaðir um að við þurfum að bæta okkur“. Að svo mæltu sýndi gullsmiðurinn rannsóknarteyminu járnstauta sem hurðir verslunarinnar eru skorðaðar með eftir lokun svo ekki sé eins auðvelt að aka inn í búðina.

Tæplega þriðjungur þeirra sem rannsóknarteymið ræddi við í sumar sagði hlutverk vélanna sem þeir höfðu umsjón með fyrst og fremst felast í „forvörnum“ eða „fælingarmætti“ þeirra: Að koma í veg fyrir að eitthvað slæmt gerðist eða „fæla bara frá ef einhver ætlar að gera eitthvað“. „Öryggismál eru forvarnir, maður reynir að koma í veg fyrir að hlutirnir eigi sér stað“, sagði umsjónarmaður öryggis- og eftirlits-myndavéla Landsbankans um þær sautján vélar sem skráðar voru og mynda almannarými í kringum sex byggingar bankans í miðborginni.

Í þessari grein er leitast við að nota lýsingar fræðimanna á áhættusamfélaginu sem líkan til að skoða lýsingar viðmælenda rannsóknarinnar út frá frekar en sem umsögn um íslenskt samfélag. Fyrirbyggjandi rafræn vöktun á almannarými er aðeins lítið brot af þeim þáttum sem einkenna slík samfélög. Án þess að snúa á nokkurn hátt út úr orðum viðmælenda verður þó engin fjöður yfir það dregin að það er svolítið sérstakt og skondið að hlusta á (gjarnan önnum kafna) verslunareigendur, hótelfarismenn og starfsfólk á veitingastöðum, kaffihúsum, börum og bönkum endurtaka aftur og aftur að þessi þjónustufyrirtæki hefðu sett upp myndavélar fyrst og fremst til þess að fyrirbyggja vandræði og „fæla bara fólk frá“. Að sjálfsögðu er hér ekki átt við allt fólk, og væntanlega síst góða viðskiptavini.

Beint liggur við að setja löngun áhættusamfélagsins til að afstýra hugsanlegum ógnum í samhengi við kenningar franska heimspekingsins Michels Foucault um Alsæið. Hugtakið vísar til rúmlega tvö hundruð ára gamallar teikningar breska heimspekingsins Jeremy Bentham af fangelsi sem er byggt í hring í kringum varðturn. Frá turninum í miðjunni sjá fangaverðir alltaf inn í upplýsta klefa fangana, sem aftur á móti sjá aldrei verðina sjálfa þar sem turn þeirra er myrkvaður. Fangarnir vita því aldrei fyrir víst hvenær þeir sæta eftirliti og hvenær ekki og verða því ávallt að haga sér eins og verðirnir séu að fylgjast með þeim. Þannig verða verðirnir að lokum því sem næst óþarfir, enda fangarnir farnir að beita sig það miklum sjálfsaga að þeir geta gætt sín sjálfir (Foucault, 2005, bls. 129-179). Foucault heimfærði agakerfi Alsæisins á eftirlitssamfélag nútímans í verkinu *Surveiller et punir* sem út kom í Frakklandi árið 1975 og hefur verið áhrifamikill í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda. Hvorutveggja – Alsæið og áhættusamfélagið – einkennist af forvörnum og stjórnun með eftirliti þar sem brögðum er beitt til að koma í veg fyrir óæskilegt eða glæpsamlegt athæfi. Sú agatækni sem Foucault kennir við alsæishyggju (*panopticism*) og hin sem kennd hefur verið við áhættusamfélagið byggja á því að eftirlitið sé ávallt sýnilegt en um leið ósannreynanlegt: Viðföng eftirlitsins eiga að vita af eftirlitinu án þess að átta sig á því í smáatriðum hvernig það virkar (Fyfe og Bannister, 1996). Þessari tækni er þó aðeins hægt að beita ef valdatengslin í samfélaginu eru með þeim hætti að fáir útvaldir hafi kost á að fylgjast með mörgum án þess að sjást eða þekkjast sjálfir. Valdatengslin í áhættusamfélagi gera þannig ráð fyrir að samfélaginu stafi mest hætta af aðilum innan fjöldans; að samfélaginu stafi til dæmis alltaf meiri hætta af bankaránum utanaðkomandi aðila – fólksins úti á götu – en þeirra sem dvelja innan bankanna og handan linsunnar.

Áhættuhópar

Alsæishyggjan og áhættusamfélagið byggja undir vald fárra til að skoða aðra samfélagsþegna og heimila þeim jafnframt að flokka þá í áhættuhópa samkvæmt forsendum sem ekki eru alltaf vel ígrundaðar. Greinarmunurinn á þeim sem sæta eftirliti og þeim sem beita því er ekki sá eini sem eftirlitið skapar. Rannsóknir í Bretlandi hafa sýnt fram á að mjög er mismunandi hve mikið er fylgst með almennum borgurum í þeirra daglega amstri, allt eftir því hvernig þeir eru flokkaðir eftir áhættu með tilliti til aldurs, kyns, hörundslitar eða annarra útlitseinkenna. Árið 1999 birtist t.a.m. grein í Bretlandi eftir félagsfræðingana Gary Armstrong og Clive Norris, byggð á tveggja ára þátttökuathugun í stjórnstöðvum lögreglunnar – nánar tiltekið í þeim herbergjum þar sem fylgst er með myndum úr eftirlitsmyndavélum. Í greininni benda þeir á að hlutverk eftirlitsmyndavéla í almannarými í Bretlandi sé mun viðameira en að upplýsa glæpi. Fyrst og fremst snúist eftirlit þar á bæ um vald til þess að sjá allt það sem fram fer og skipta sér í kjölfarið af því, hvort sem það er glæpsamlegt eða ekki (Armstrong og Norris, 1999, bls. 158).



Mynd 1. Á vegum lögreglunnar eru átta eftirlitsmyndavélar í yfirlýstri notkun í miðbæ Reykjavíkur. Vélunum er einungis ætlað að sinna almennu eftirliti með borgurum.

Eins og áður segir á lögreglan átta eftirlitsmyndavélar í miðbæ Reykjavíkur sem ætlaðar eru til almenns eftirlits og er stjórnað af starfsmönnum í stjórnstöð lögreglunnar (Lögreglan í Reykjavík, 2000). Rannsókn okkar leiddi jafnframt í ljós að öryggisverðir og lögreglumenn í ráðuneytum landsins geta einnig beitt mörgum myndavéla ráðuneytanna til almenns eftirlits ef þeir kjósa, en fram kom í viðtölum að séu þeir ekki að sinna öðrum verkum sitji þeir gjarnan við skjái tengda vélum sem mynda m.a. almannarými. Sama má að einhverju leyti segja um öryggisverði í bönkum borgarinnar. Hinsvegar var heldur sjaldgæft að aðrir viðmælendur rannsóknarteymisins sætu yfir eftirlitsskjám en nokkrir sögðust líta á þá til að skoða umgang eða mannaferðir í kringum þær byggingar sem þeir ynnu í. Langflestir viðmælenda okkar sögðust

þó mjög sjaldan skoða upptökur úr öryggis- og eftirlitsmyndavélum, og þá helst bara skemmtistaðaeigendur í þeim tilgangi að upplýsa eignaspjöll eða átök.

Í greininni sem vitnað var til að ofan spyrja Lára Rún og Guðbjörg Linda (2007, bls. 22) hvort að „þörfin“ til að draga úr áhættu dragi jafnframt úr félagslegu jafnrétti eða gangi á mannréttindi. Þegar eftirlit miðast við forvarnir verður raunin gjarnan sú að fólk er flokkað í áhættuhópa samkvæmt fyrirframgefnum forsendum. Nóg er þá að einstaklingar hafi til að bera einhver útlitseinkenni til að teljast mögulegir vandræðagripir. Armstrong og Norris (1999) benda á að í Bretlandi megi þeir sem vinni á stjórnstöð eftirlits aðeins elta fólk með myndavél ef það „hegði sér undarlega“ (bls. 158). Hinsvegar gilda engar reglur um hvað sé undarleg og hvað eðlileg hegðun á götum úti, heldur var látið eins og „almenn skynsemi“ (bls. 158) geti alltaf greint þar á milli. Armstrong og Norris lögðu sig því sérstaklega eftir því að rannsaka þessa óáþreifanlegu hugmynd um „almenna skynsemi“ við eftirlit: Þeir fylgdust með því hverjir voru skoðaðir og á hvaða forsendum þeir voru valdir (bls. 158). Í ljós kom að í 93% tilvika var fylgst með karlmönnum og í 85% tilvika fólki sem var undir þritugu. Þeir sem eru dökkir á hörund áttu tvisvar sinnum frekar á hættu að vera skoðaðir en þeir sem eru hvítir á hörund án þess að eftirlitsaðilar hefðu sérstakt tilefni til grunsemda (bls. 163).

Þar sem viðmælendur okkar voru flestir með sínar vélar í öryggis- og eignavörsluskyni en ekki til almenns eftirlits var ekki hægt að spyrja að hvaða samfélagshópi eftirlitið beindist sérstaklega, enda gefa spurningar í viðtali ekki endilega sömu niðurstöður eins og bein athugun (fólk er ekki endilega meðvitað um fyrirframgefin viðmið, eða ef það er meðvitað um viðmiðin vill það ekki endilega ljóstra upp um þau). Í þau skipti sem tiltekna „óæskilega“ samfélagshópa bar á góma í viðtölum – hópa sem vélarnar gætu fælt frá eða fylgst sérstaklega með – voru helst nefndir veggjakrotarar, eiturfjaneytendur sem koma til að ræna fyrir næsta skammti, meðlimir í útlenskum glæpagengjum, útigangsmenn eða mótmælendur. Tekið skal fram að bankastarfsmenn og fulltrúar innheimtustofnana voru þeir einu sem töluðu um ógnina af mótmælendum.



Mynd 3. Oftast fóru eigendur öryggis- og eftirlitsmyndavéla í miðbæ Reykjavíkur ekki eftir lögum um persónuvernd, þar sem segir að gera skuli glögglega viðvart um vöktun á almannafæri

Í grein þeirra Armstrong og Norris (1999) vekur athygli að konur í Bretlandi voru nánast aldrei skoðaðar, og þá ekki heldur til að gæta öryggis þeirra. Sú niðurstaða samræmist ekki því sem eigendur og umsjónarmenn öryggis- og eftirlitsmyndavéla í miðbæ Reykjavíkur segja þegar þeir ræða um tilganginn með eftirlitinu. Þá sjaldan að viðmælendur ræddu sérstaklega um hvaða samfélagshóp verið væri að verja með myndavélunum nefndu þeir nánast alltaf ungar konur: Ungar konur við afgreiðslustörf, ungar konur að skemmta sér eða ungar konur sem fara seint heim úr vinnu. „[Það er] kannski ein stelpa [við vinnu] í öllu húsinu og svo á laugardagskvöldi er allt vitlaust hérna fyrir utan. Þannig að það er ekkert þægilegt fyrir þetta fólk að vinna hérna, nema þá að geta fylgst með [úr eftirlitsmyndavélunum], að það sé ekki verið að djöflast í húsinu,“ sagði starfsmaður hjá greiðslumiðlunarfyrirtæki um eftirlit þess á gangstéttum Laugavegar. Öryggi ungra kvenna var þannig veigamikil röksemd fyrir frekara eftirliti með almannarými: „[Eftirlit] skiptir öllu máli!“ fullyrti einn viðmælenda (miðaldra karlmaður) og máli sínu til stuðnings spurði hann annan greinarhöfundu og aðstoðarmann (tvær konur á þrítugsaldri): „Finnst þér ekki skipta máli fyrir þig að geta labbað óáreitt í miðborginni, að það séu ekki gaurar sem ráðast á þig og nauðga þér jafnvel?“

Aukið almennt eftirlit með öryggis- og eftirlitsmyndavélum leysir konur þó ekki endilega undan hættunni á að vera áreittar á götum úti því rannsókn þeirra Armstrong og Norris (1999) leiddi í ljós að í 10-15% tilvika sem konur voru skoðaðar af starfsmönnum stjórnunarstöðvanna var það einungis vegna kynferðislegrar gægjuþarfar. Alls var fimm sinnum oftast horft á konur í slíkum tilgangi heldur en til að vernda þær.

Lokaorð

Þegar rætt er um kosti og galla við fjölgun öryggis- og eftirlitsmyndavéla vill gleymast að slíkar vélar eru ekki síst valdateki. Notkun þessara véla í almannarými er því um margt athyglisverð: Þeim er beitt til að fæla suma frá (þá sem hegða sér „undarlega“ og ógn gæti stafað af) en laða aðra að (sem finna þá til meira öryggis). Því má velta fyrir sér hverskonar afleiðingar mikið almennt eftirlit hefur á almannarými, og hvort eftirlitið breyti eðli þess rýmis sem það beinist að og notkunarmöguleikum þess, hvort sem er til einkaerinda (sem geta verið viðkvæm án þess að vera ólögleg) eða til opinberra samkoma (t.d. skipulagðra mótmæla, þar sem myndavélarnar skrá þá sem taka þátt án þess að ljóst sé hvort eða hvernig þær upplýsingar verða notaðar). Ekki er síður ástæða til að velta fyrir sér sambandi eigna og valds í miðborg Reykjavíkur, þar sem húseign, verslun eða fyrirtæki virðist vera ávísun á að einstaklingar geti séð aðra óséðir og tekið upp ferðir nágranna sinna og samborgara um nærliggjandi götur, garða og gangstéttir – nánast án þess að nokkur viti af nema þeir sem fyrir tilviljun reka augun í myndavélarnar.

Viðmælendur okkar voru langflestir jákvæðir í garð öryggis- og eftirlitsmyndavéla borgarinnar, og óskuðu sér margir að þær væru enn fleiri. Sú niðurstaða kemur ekki á óvart þar sem þeir eru flestir að verja eignir eða rekstur í miðborginni og nota m.a. myndavélar í því skyni. Hinsvegar höfðu margir þeirra ekki góða reynslu af eigin vélum, bæði þar sem þær eru dýrar í rekstri og vegna þess að þær nýttust svo ekki sem

skyldi þegar á reyndi. Mörgum kom á óvart hversu illa sést í gegnum vélarnar, hversu léleg upplausnin er og hversu tímafrekt er að leita í upptökunum. Sumir töldu að hagkvæmast væri að hafa vélarnar ótengdar þar sem þeir spöruðu með því mánaðarleg útgjöld tengd vélunum án þess að draga úr fælingarmætti þeirra, að því tilskyldu að þær sæjust vel – líkt og turninn sýnilegi en ósannreynanlegi sem Foucault notar til að lýsa alsæishyggunni í nútímasamfélagi.

Heimildir

- Armstrong, G. og Norris, C. (1999). CCTV and the social structure of surveillance. *Crime Prevention Studies*, 10, 157-178.
- Beck, U. (1986). *Risikogesellschaft. Auf dem weg in die andere moderne*. Frankfurt am Main: Suhrkamp.
- Foucault, M. (2005). *Alsæi, vald og þekking*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Fyfe, N. R. og Bannister, J. (1996). City watching: Closed circuit television surveillance in public spaces. *Area*, 28(1), 37-46.
- Giddens, A. (1990). *Consequences of modernity*. Cambridge: Polity Press.
- Giddens, A. (1991). *Modernity and self-identity. Self and society in the late modern age*. Cambridge: Polity Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Kristinn Tómasson og Margrét Lilja Guðmundsdóttir. (2005). Alsjáandi auga tækninnar og líðan kvenna og karla í íslenskum fyrirtækjum. *Læknablaðið*, 91, 821-827.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Lára Rún Sigurvinsdóttir. (2005). Alsjáandi augu í heimi hins ókunnna: Um eftirlit og persónuvernd í kjölfar 11. september. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI: Félagsvísindadeild* (bls. 65-76). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Lára Rún Sigurvinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2007). Augun í borginni: Um eftirlitsmyndavélar og félagslegt taumhald. Í Salvör Nordal (ritstjóri), *Persónuvernd í upphýsingasamfélagi* (bls. 19-43). Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands/Háskólaútgáfan.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupphýsinga* nr. 77/2000.
- Lögreglan í Reykjavík (2000). Eftirlitsmyndavélar í miðborginni (áfangaskýrsla). Sótt 20. ágúst 2010 af http://www.logreglan.is/upload/files/afangaskyrsla_myndavellar_midbaer.pdf
- Lyon, D. (ritstjóri). (2003). *Surveillance as social sorting: Privacy, risk and digital discrimination*. London: Routledge.
- Lyon, D. (2007). *Surveillance studies: An overview*. Cambridge: Polity Press.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2007). Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði: Umfang og birtingarform. Í Salvör Nordal (ritstjóri), *Persónuvernd í upphýsingasamfélagi* (bls. 119-142). Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands/Háskólaútgáfan.